

Ed.

195. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, sbr. lög nr. 98 31. desember 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 2. gr. laganna bætist svohljóðandi:

Nefndinni er heimilt að stöðva um stundarsakir löndun á loðnu til bræðslu á ákveðnum svæðum. Getur nefndin ákveðið, að slík stöðvun taki einungis til ákveðinna stærðarflokka skipa. Skal nefndin stuðla að dreifingu aflans til fjarlægari hafna með greiðslu flutningastyrkja. Þá er nefndinni heimilt að stöðva allar veiðar á loðnu til bræðslu um stundarsakir, ef fyrirsjáanlegt er að löndunaröngþveiti muni skapast.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú er komið í ljós að bræðsluskipið Norglobal fæst ekki leigt til landsins til loðnubræðslu á næstu vetrarvertíð eins og tvö undanfarin ár. Jafnframt er trúlegt, að þátttaka í veiðunum mun aukast, m. a. vegna miklu herra verðs á loðnuafurðum en á s. l. vetrarvertíð loðnu, auk þess sem mörg skip hafa verið lengd og yfirbyggð að undanfögnu.

Fyrirsjáanlegt er, að mikið misræmi verður milli aflagetu þess flota, sem loðnuveiðar stunda og móttökuskilyrða í landi. Ef ekkert er að gert, munu veiðiskipin að jafnaði halda með aflann til þeirra hafna, sem næst eru veiðisvæðunum og skapast þar svo að segja strax löndunarbið, sem hefði í för með sér að aflinn mundi skemmast eða eyðileggjast.

Til þess að hindra þessa þróun er nauðsynlegt að auka vald loðnunefndar frá því sem nú er.

Því er lagt til að nefndin hafi skýlausa heimild til þess að loka um stundarsakir fyrir móttöku á loðnu til bræðslu í vissum höfnum og beina veiðiskipunum annað með aðstoð flutningastyrkja, í því skyni að dreifa lönduninni, auka þar með nýtingu verksmiðjanna, jafnframt því sem heildarafli mundi aukast verulega og betra og verðmeira hráefni fengist.

Þó er í frumvarpinu lagt til að Loðnunefnd sé heimilt að miða lokun á móttöku loðnu til bræðslu í vissum höfnum við stærð skipa, þannig að minni skipin þurfi ekki að sigla langar leiðir með aflann.

Þá er lagt til að nefndin fái heimild til að stöðva allar veiðar á loðnu til bræðslu um stundarsakir ef fyrirsjáanlegt er að siglingar til fjarlægari hafna eru ómögulegar vegna veðurs, þannig að löndurnaröngþveiti er óumflýjanlegt í þeim löndunarhöfnum, sem næst eru miðunum.

Frumvarpið er flutt að beiðni Félags ísl. fiskmjölsframleiðenda og með samþykki Landssambands ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.